

2. Þeir upplýsi nánar um launakjör vélstjóra í hliðstæðum störfum við félagsmenn Vélstjórafélags Suðurnesja, starfandi hjá Hitaveitu Suðurnesja, með framlagningu fleiri kjarasamninga, sambærilegra við samninginn að ofan.
3. Leggi fram önnur þau gögn, sem ofangreind gagnaöflun gefur tilefni til.

Úrskurður þessi er kveðinn upp af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Birni Helgasynt, Gunnlaugi Briem, Árna Guðjónssyni og Gunnari Guðmundssyni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðilum gefst kostur á að afla ofangreindra gagna.

Fimmtudaginn 22. maí 1986.

Nr. 6/1986.

Vinnuveitendasamband Íslands f.h.
H/f Eimskipafélags Íslands, Jökla h/f,
Ness h/f, Nesskips h/f, Sjóleiða h/f,
Skipafélagsins Víkur h/f og
Skipaútgerðar ríkisins

(Jón H. Magnússon hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f.h.
Sjómannasambands Íslands vegna
Sjómannafélags Reykjavíkur

(Þorsteinn Eggertsson hdl.).

Yfirvinnubann. Ólögmat vinnustöðvun. Sjómenn. Gerðardómur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 15. þ. m.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd H/f Eimskipafélags Íslands, Jökla h/f, Ness h/f, Nesskips H/f, Sjóleiða h/f, Skipafélagsins Víkur h/f og Skipaútgerðar ríkisins.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands vegna Sjómannasambands Íslands fyrir hönd Sjómannafélags Reykjavíkur.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur:

1. Að yfirvinnubann það, sem tilkynnt var kaupskipaútgerðum og Vinnuveitendasambandi Íslands af Sjómannafélagi Reykjavíkur þann 12. maí 1986, verði dæmt brot á lögum nr. 80/1938, bráðabirgðalögum nr. 28/1986 og kjarasamningi Sjómannafélags Reykjavíkur við ofangreindar kaupskipaútgerðir og sé í raun ólöglegt verkfall.
2. Að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði til-dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Samkvæmt því, er í stefnu greinir, eru helstu málavextir þeir, að í kjölfar verkfalls undirmanna á farskipum, sem staðið hafi frá 30. apríl til 9. maí sl. og stöðvað var með bráðabirgðalögum nr. 28/1986, hafi Sjómannafélag Reykjavíkur boðað yfirvinnubann í heimahöfnum (Reykjavík, Hafnarfirði, Gufunesi, Skerjafirði, Straumsvík, Keflavík og Njarðvík) frá kl. 17.00 til kl. 08.00 á virkum dögum og allan sólarhringinn á laugar-, sunnu-, hátíðis- og tyllidögum, að undanteknum svokölluðum stoppitörnum á laugar-dögum og á tímabilinu kl. 17.00 - 20.00 á virkum dögum.

Yfirvinnubann þetta var samþykkt á félagsfundi farmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur föstudaginn 9. maí, sama dag og bráðabirgðalög nr. 28/1986 tóku gildi, og tilkynnt kaupskipaútgerð og Vinnuveitendasambandi Íslands skriflega þann 12. maí 1986.

Með yfirvinnubanni er m. a. ætlað að koma í veg fyrir, að skip fari úr heimahöfn á öðrum tíma en á tímabilinu kl. 08.00 - 17.00 á virkum dögum.

Nái þetta fram að ganga, gæti það valdið verulegri röskun á ferðum skipa, sem koma á heimahafnarsvæðið (Reykjavík og nágrenni), og þá einkum þeirra skipa, sem eru í áætlunarsiglingum, þar sem röskun á áætlun getur valdið verulegu tjóni.

Brottför gæti tafist í allt að tvo og hálfan sólarhring, ef skip væri

ekki ferðbúið fyrir kl. 17.00 á föstudegi. Brottför skipa úr heimahöfn er iðulega á tímabilinu frá kl. 17.00 - 20.00.

Með bréfi til Sjómannafélags Reykjavíkur, dags. 13. maí 1986, mótmælti Vinnuveitendasambandið boðuðu yfirvinnubanni fyrir hönd félagsmanna sinna og áskildi þeim allan rétt í því sambandi, þar á meðal til skaðabóta, ef yfirvinnubanninu yrði ekki aflýst þá þegar.

Samkvæmt ofangreindu bréfi Sjómannafélags Reykjavíkur 12. maí sl. tók yfirvinnubannið gildi kl. 17.00 hinn 19. þ. m. Um framkvæmdina segir svo:

„Með þeim undantekningum, sem um getur í 2. kafla um vinnu-tilhögun, grein 2.2. um vinnutíma í heimahöfn, a-lið gildandi kjarasamnings farmanna, er yður hér með boðuð stöðvun á yfirvinnu í heimahöfn frá kl. 17.00 - 08.00 á virkum dögum svo og alla laugar-, sunnu-, hátíðis- og tyllidaga.“

Í 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 28/1986 segir á þá leið, að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði fyrir 1. september 1986 kaup og kjör félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem vinna á far-skipum.

Ákvæði 2., 3., 4., 7. og 8. gr. laganna hljóða svo:

„2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara skv. bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar, sem samið hefur verið um, frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms samkv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma, nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms, á meðan honum er ekki sagt upp.“

Stefnandi byggir kröfugerð sína á því, að yfirvinnubann Sjómannafélags Reykjavíkur sé brot á bráðabirgðalögum nr. 28/1986 og því einnig brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og fari í bága við ákvæði kjarasamnings og sjómannalaga nr. 35/1985 og sé andstætt eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði og því ólögmætt.

Með bráðabirgðalögum nr. 28, 9. maí 1986, hafi verkfall félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem hófst 30. apríl, verið stöðvað. Þar segi í forsendum m.a., að verkfall þetta hafi valdið röskun á flutningum til og frá landinu og skapað erfiðleika í helstu útflutningsgreinum landsmanna, þannig, að hætta sé á, að varanlega verði spilt árangri í markaðs- og sölustarfsemi íslenskra fyrirtækja vestan hafs og austan. Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipa og binda enda á deilur þessar.

Af 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 28/1986 verði ekki annað ráðið en síðast gildandi kjarasamningur, sem hafði verið laus frá áramótum, hafi öðlast efnislega gildi að nýju, að öðru leyti en varðar kaup og kjör, sem gerðardómur skuli úrskurða um. Það, sem styðji þessa fullyrðingu, sé, að á sáttafestingu deilunnar gerði Sjómannafélag Reykjavíkur einungis kröfur um hækkun grunnlauna og yfirvinnuálags, en engar kröfur voru gerðar um breytingu á vinnufyrirkomulagi eða öðrum efnisatriðum samningsins.

Við boðun yfirvinnubannsins hafi verið farið eftir reglum 16. gr. laga 80/1938, þ.e. gætt var 7 sólarhringa frests, tilkynning send þeim, sem það beindist aðallega gegn, og tilkynning send sáttafemjara. Af þessu megi ráða viðurkenningu Sjómannafélags á því, að um verkfallsboðun sé að ræða, en ekki hafi verið gætt ákvæða 15. gr. sömu laga um ákvarðanatöku. Þegar af þessari ástæðu sé yfirvinnubannið ólögmætt.

Með bráðabirgðalögum nr. 28/1986 hafi verið bundinn endi á deilu aðila, og hvíli því friðarskylda á aðilum, á meðan lögin séu í gildi, auk þess sem 4. gr. laganna banni vinnustöðvanir og aðrar aðgerðir, sem ætlað sé að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin ákveða, og sé yfirvinnubannið ótvírætt brot á þeirri grein og því ólögmaett.

Stefnandi heldur því fram, að áratugahefð sé fyrir yfirvinnu undirmanna á kaupskipum jafnt í heimahöfnum sem erlendis eða úti á sjó. Yfirvinnuskylda hvíli á félagsmönnum stefnda á far-skipum, og sé hún aðeins takmörkuð við skýr ákvæði í kjara-samningum eða í sjómannalögum nr. 35/1985. Því sé ljóst, að yfirvinnubannið sé brot á gildandi kjarasamningi og því brot á II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Aðgerðirnar brjóti gegn ákvæðum 4. gr. bráðabirgðalaganna nr. 28/1986, þar sem þeim sé augljóslega beint að því markmiði að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin segi fyrir um. Einu gildi, þótt synjað sé fyrir þennan tilgang af hálfu stefnda og því haldið fram, að þeim sé ætlað að koma í veg fyrir óhóflega yfirvinnu. Það sé mála sannast, að lítill hluti yfirvinnu undirmanna falli til í heimahöfnum. Beri því að telja yfirvinnubannið ólögmaetta vinnustöðvun.

Í þessu sambandi megi benda á dóm Félagsdóms í hliðstæðu máli, sem upp hafi verið kveðinn 8. ágúst 1979.

Samkvæmt 59. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 sé skipverji skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið, og eftir það megi hann ekki fara frá skipi leyfislaust.

Samkvæmt grein 2.10. í kjarasamningi skuli tilkynna brottför úr heimahöfn til erlendra hafnar með 4 klst. fyrirvara.

Samkvæmt grein 2.9. g. sé heimilt að kalla háseta og starfsmenn í vél til að sjóbúa skip eða til annars undirbúnings brottfarar með tveggja klst. fyrirvara fyrir áætlaða brottför úr heimahöfn og í undantekningartilfellum megi lengja þennan fyrirvara.

Af þessu komi berlega fram, að hindrun þess, að kaupskip geti farið úr heimahöfn utan dagvinnutímabils, sé í andstöðu við kjara-samning svo og sjómannalög nr. 35/1985.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að samkvæmt kjara-samningi frá 9. febrúar 1985 milli aðila máls þessa, sem sé í gildi, komi m.a. fram í upphafi þess kjarasamnings, að kaup félaga Sjómannafélags Reykjavíkur miðist við 40 stunda vinnuviku, sbr. staf-

lið 1.1. kjarasamningsins. Þar sé og tekið fram, að greiðsla fyrir vinnu umfram 40 stunda vinnuviku fari eftir öðrum ákvæðum. Í kjarasamningi, II. kafla, staflíð 2.1., sé nánar fjallað um daglegan vinnutíma í höfn og á sjó. Skv. dskj. 5, boðun yfirvinnubanns, taki það eingöngu til yfirvinnu í heimahöfn, en eðli málsins samkvæmt sé ekki boðað yfirvinnubann við vinnu á sjó. Í þriðja lagi sé og ákvæði að finna í títtnefndnum kjarasamningi í III. kafla undir staflíð 3.7., þar sem skýrt sé kveðið á um það, að hásetum sé ekki skylt að vinna undir tilteknum kringumstæðum eftir kl. 17.00: „..... nema ef á þarf að halda vegna öryggis skips eða færslu í höfn“. Hins vegar sé hvergi að finna nein fyrirmæli í fyrrgreindum kjarasamningi um skyldu undirmanna á farskipum til að vinna umfram þær 40 stundir á viku, sem um geti í staflíð 1.1. í kjarasamningnum, sbr. áður sagt. Stefndi telur því, að hvorki í sjómannalögum nr. 35/1985 né í nágildandi kjarasamningum sé að finna bein ákvæði um yfirvinnuskyldu undirmanna á farskipum, með þeirri undantekningu þó, er varði öryggi skips, farms eða manna.

Stefndi tekur fram, að yfirvinnubann það, er til framkvæmda kom kl. 17.00 þann 19. maí sl., sé ekki brot á lögum nr. 80/1938, og sé yfirvinnubannið ekki verkfall í skilningi II. kafla laganna, sbr. og 44. gr., 1. tl., sömu laga. Svo sem áður segi, hvíli ekki yfirvinnuskylda á undirmönnum á farskipum. Stefndi telur, að yfirvinnubann þetta sé ekki „verkfall“ í skilningi laga nr. 80/1938. Hér sé ekki verið að knýja eða þvinga fram lausn á kjaradeilu milli aðila máls þessa, heldur til að hindra óhóflegt vinnuálag á félagsmönnum. Eigi því ekki við hér 14. eða 15. gr. laga nr. 80/1938. Hvað varði þá málásástæðu stefnanda, að boðun yfirvinnubannsins var að hætti 16. gr. laga nr. 80/1938, skuli það eitt tekið fram, að fyrir hafi legið á fundi félagsins 9. maí sl. tillaga um, að títtnefnt yfirvinnubann kæmi til framkvæmda þá þegar sama dag. Sú tillaga hafi verið dregin til baka og talið rétt, að nokkur undanfari væri á boðun þess og atvinnurekendum væri gefinn umþóttunartími. Hins vegar hafi alls engin viðurkenning falist í því, að um væri að ræða verkfallsboðun.

Telur stefndi því, að yfirvinnubannið brjóti ekki í bága við lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hann telur og, að yfirvinnubannið brjóti ekki í bága við ákvæði bráðabirgðalaganna nr. 28/1986. Í 4. gr. þeirra sé að finna eftirfarandi ákvæði: „Vinnu-

stöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.“ Komi hér til álita, hvort orðin „.... aðrar aðgerðir“ geti átt við umrætt yfirvinnubann. Enga skýringu sé að finna í tilvitnuðum orðum, en sé greinin skoðuð í heild sinni, komi skýrt fram, að „aðrar aðgerðir“ verði að vera ætlaðar til þess „.... að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar“. Svo sem að framan sé rakið, sé hér ekki verið að knýja fram breytta skipan kjaramála. Þvert á móti sé hér einungis um að ræða stöðvun yfirvinnu undirmanna á farskipum. Öll vinnuskylda skv. gildandi kjarasamningum verði framkvæmd með þeim takmörkunum, sem kjarasamningurinn taki til. Túlka beri ákvæði 4. gr. bráðabirgðalaganna þröngt. Óeðlilegt sé að ætla, að tilgangur bráðabirgðalaganna hafi verið sá að auka vinnuskyldu undirmanna á farskipum umfram gildandi kjarasamning. Slíkt myndi gera kjarasamninga að engu. Þegar allt framan greint sé virt, telur stefndi, að sýkna beri hann af kröfum stefnanda.

Stefndi mótmælir staðhæfingum stefnanda um, að yfirvinnubannið sé ólöglegt vinnustöðvun í skilningi 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sem og, að um sé að ræða samningsrof, sbr. 8. gr. sömu laga. Hann kveðst ekki mótmæla þeim rétti, sem skipstjóri hafi yfir undirmönnum sínum skv. sjómannalögum nr. 35/1985. Hins vegar telur hann hvorki skipstjóra né útgerðarmann hafa það vald að auka vinnuskyldu sinna undirmanna umfram gildandi kjarasamninga nema í þeim undantekningartilvikum, ef öryggi skips er í húfi.

Hann telur allan samanburð við dóm Félagsdóms hinn 8. ágúst 1979 í hæsta máta vafasaman, þar sem aðstæður í því máli hafi í verulegum atriðum verið mjög frábrugðnar því, sem í þessu máli sé.

Álit dómsins og niðurstaða.

Aðilar eru á einu máli um það, að bráðabirgðalögin nr. 28/1986 hafi vakið til gildis á ný kjarasamning þeirra í millum frá 9. febrúar 1985. Í 2. kafla samningsins eru ákvæði um sérstaka yfirvinnuskyldu sjómanna, eins og vikið er að í boðun yfirvinnubannsins. Ekki er þar að finna fyrirmæli um almenna skyldu til yfirvinnu. Þótt þessu sé svo farið, að ekki séu í samningnum bein ákvæði í þessu efni, verður talið, að í honum felist óbein yfirvinnuskylda

sjómanna jafnt í heimahöfnum sem annars staðar vegna eðlis kaupskipaútgerðar og áratugavenju um vinnutilhögun á þessu sviði.

Pegar þetta er virt, sem nú er sagt, verður að telja, að greint yfirvinnubann Sjómannafélags Reykjavíkur, sem hófst 19. þ.m., stríði gegn gildandi kjarasamningi aðila, eins og framkvæmd þess er háttað. Jafnframt verður að líta svo á, að ákvörðun um boðun yfirvinnubannsins hafi verið tekin sem þáttur í kjaradeilu og ekki hafi verið sýnt fram á, að vinnuverndarsjónarmið hafi þar legið til grundvallar. Svo almennt bann við yfirvinnu, eins og hér er ástátt, verður ekki lagt á með ofangreindum hætti, nema um sé að ræða vinnustöðvun á grundvelli 14. gr. laga nr. 80/1938.

Það er álit dómsins, að yfirvinnubannið sé brot á 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 28/1986 og því ólögmæt vinnustöðvun í andstöðu við II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, verður 1. liður kröfu stefnanda tekinn til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000,00.

Dómur þessi er upp kveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Birni Helgasyni, Gunnlaugi Briem, Gunnari Eydal og Gunnari Guðmundssyni.

D ó m s o r ð:

Yfirvinnubann Sjómannafélags Reykjavíkur, sem tilkynnt var kaupskipaútgerðum og Vinnuveitendasambandi Íslands hinn 12. maí 1986 og hófst 19. maí 1986, er ólögmæt vinnustöðvun, brýtur í bága við kjarasamning aðila, bráðabirgðalög nr. 28/1986 og II. kafla laga nr. 80/1938.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. ofangreindra aðildarféлага þess, kr. 30.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.